

## Minnisblað

*Viðtakandi:* Samstarfsnefnd um sameiningu Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðar eystri, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps.

*Sendandi:* Samstarfshópur um eignir, veitur og B-hluta fyrirtæki.

*Efni:* Eignir, veitur og B-hluta fyrirtæki

## Starfshópur um greiningu og framtíðarsýn varðandi eignir, veitur og B-hluta fyrirtæki

Almennt

Eftirtaldir skipuðu starfshópin:

Borgarfjarðarhreppur

Jón Þórðarson, sveitarstjóri

Djúpavogshreppur

Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri og formaður starfshópsins

Rúnar Matthíasson, umsjónaraðili fasteigna og ritari starfshópsins

Sigurbjörn Heiðdal, forstöðumaður áhaldahúss

Fljótsdalshérað

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Kjartan Róbertsson, yfirmaður eignasjóðs

Páll Breiðfjörð Pálsson, framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella

Seyðisfjarðarkaupstaður

Rúnar Gunnarsson, hafnarvörður

Gunnlaugur Friðjónsson, bæjarverkstjóri

Starfshópurinn fundaði þrisvar sinnum, 5. febrúar, 12. febrúar og 27. Febrúar.

Markmið starfshópsins var að meta stöðu eigna, veitna og B-hluta fyrirtækja í einstökum sveitarfélögum sem standa að sameiningarviðræðunum sem og mögulega framtíðarsýn í sameinuðu sveitarfélagi. Einnig að greina styrkleika og veikleika í málaflokknum og þær ógnanir og tækifæri sem felast í mögulegri sameiningu.

Teknar voru saman upplýsingar um viðhaldspörf eigna sveitarfélaganna þ.m.t. gatna, veitna, hafna og húsnæðis. Einnig fjárfestingarþörf ofangreindra þátta komandi ára m.v. fyrirbyggjandi spár um mannfjölda. Þá var einnig horft til annarrar innviðaupbyggingar sveitarfélaganna sem hugsanlega þarf að ráðast í á komandi árum. Þá var staða félagslegs húsnæðis yfirfarin og skoðuð í samhengi við húsnæðisáætlanir sveitarfélaganna. Að síðustu var lögð áhersla á að greina framtíðaráskoranir í málaflokknum, framtíðarsýn, hvað beri að varast og hvað megi ekki missa komi til sameingar.

Fulltrúar í starfshópnum voru sammála um að mikilvægt væri að leggja áherslu á verkefni sem raunverulega væri þörf á og sem síðan þarf að forgangsraða í stað þess að vinna eftir óskalistum.

Fram kom m.a. að umfangsmikilla framkvæmda er þörf í veitumálum hjá sveitarfélögunum og þá einkum hvað varðar fráveitu (nema hjá Borgarfjarðarhreppi). Hvað aðrar fjárfestingar varðar þá er horft til þeirra fjárfestinga sem gert er ráð fyrir í fjögurra ára áætlunum hvers sveitarfélags fyrir sig en auk þess þarf að útlista nauðsynlegar fjárfestingar aðrar s.s. við hafnarmannvirki, fræðslustofnanir (grunn-, leik- og tónlistarskóla) og öldrunarþjónustu sem eru utan áætlana.

Eignir, veitur og b-hluta fyrirtæki

Unnin var viðhaldsáætlun fyrir hvert sveitarfélag brotin niður á eignir. Frumniðurstöður þess mats er að samantekin viðhaldspörf eigna sveitarfélaganna er meiri en ráð hefur verið fyrir gert í fjárhagsáætlunum.

Fulltrúar þeir sem sátu alla fundina voru sammála um að sameining væri til þess fallin að skila sameinuðu sveitarfélagi bættri þjónustu, faglegri vinnubrögðum, hagræðingamöguleikum í innkaupum á efni og þjónustu og betri nýtingu á fagþekkingu mannauðs m.a.

Standa þurfi hins vegar vörð um þá þekkingu sem til staðar er hjá heimamönnum varðandi lagnir, ástand eigna og fyrri verkefni m.a. sem og að þjónusta hverfi ekki úr nærumhverfinu.

Meðal áhættuþátta við sameiningu var m.a. komið inn á innleiðingarferli, þ.e. að varast beri of hraða innleiðingu á nýjungum sem og að gæta þess að hagræðingaráherslur bitni ekki á þjónustu og faglegum vinnubrögðum.

Endanlegt mat á viðhalds- og fjárfestingapörf er ekki lokið og verður áfram unnið að því mati á næstu vikum.

Egilsstaðir 7. mars 2019

Tekið saman af Birni Ingimarssyni fyrir hönd formanns